

**Hreppsnefnd Árneshrepps**

Bjarnheiður Júlía Fossdal

Eva Sigurbjörnsdóttir

Guðlaugur Ágústsson

Hrefna Þorvaldsdóttir

Ingólfur Benediktsson

**Skipulags- og byggingarfulltrúi**

Bogi Kristinsson Magnusen

**Dags. 15. október 2017****Varðar: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005 - 2025**

Tillaga hreppsnefndar Árneshrepps um að gera breytingu á eftirfarandi þáttum í aðalskipulagi sveitarfélagsins 2005 – 2025 hefur í för með sér heimildir til að hafa afgerandi neikvæð áhrif á náttúru og ósnortin víðerni í hreppnum:

- Lðnaðarsvæði færtil og heimild fyrir starfsmannabúðum bætt við
- Íbúðarsvæði innan virkjunarsvæðisins fellt út
- Vegir um virkjunarsvæðið skilgreindir
- Efnistökusvæði skilgreind við Hvalárósa, í Hvalá og við Hvalaárvatn

Undirrituð gerir athugasemdir við að með samþykkt á þessum breytingum er hreppsnefnd Árneshrepps að ganga þvert gegn niðurstöðu mats Skipulagsstofnunar frá því 4. apríl 2017 um umhverfisáhrif fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Er hreppsnefnd hvött til að fara ítarlega yfir alla þá þætti sem koma fram í niðurstöðum Skipulagsstofnunar og tryggja að sveitarfélagið brjóti ekki lög með samþykktum sínum, t.a.m. 61. gr. náttúruverndarlaga þar sem kveðið er á um verndun óbyggðra víðerna nema brýna nauðsyn beri til. Undirrituð óskar eftir að hreppsnefnd Árneshrepps skilgreini skriflega þá brýnu nauðsyn og almannahagsmuni sem hún telur að séu fyrir því að virkja þrjár ár, Hvalá, Rjúkanda, og Eyvindarfjarðará, og byggja 55 MW virkjun sem er langt umfram raforkuþörf Vestfjarða.

Undirrituð gerir einnig alvarlegar athugasemdir við að breyting verði gerð á aðalskipulagi þar sem vegir um virkjunarsvæði og efnistökusvæði í Ófeigsfirði verði skilgreind án þess að gengið hafi verið frá mati á umhverfisáhrifum og samþykktum á breytingum á veginum frá Melum norður í Ófeigsfjörð. Ljóst er að byggja þarf upp þann kafla vegarins svo unnt sé að koma stórtækum vinnuvélum á virkjanasvæðið. Á sama tíma liggur fyrir að landeigendur á Seljanesi eru ekki jákvæðir fyrir breytingu á veginum í þeirra landi. Er hreppsnefnd Árneshrepps eindregið hvött til að tryggja alla hluta verksins áður en núverandi breytingartillaga á aðalskipulagi 2005 – 2025 verður samþykkt til að tryggja jafnræði og faglega afgreiðslu málsins af hálfu sveitarfélagsins.

Er hreppsnefnd Árneshrepps jafnframt eindregið hvött til að leggja áherslu á eftirfarandi atriði áður en fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi 2005 – 2025 verða teknar fyrir:

- Að umhverfismat á áhrifum línulagnar frá virkjun fari fram
- Að gengið verði skriflega frá því að línur frá virkjun verði lagðar í jörðu
- Að gengið verði skriflega frá því hvar fyrirhugaður tengipunktur verði staðsettur
- Að gengið verði skriflega frá því hvernig fjármagn verði tryggt til að tengipunktur verði settur upp
- Að gengið verði skriflega frá því að raforkan muni fara inn í hringtengingu á Vestfjörðum og með hvaða hætti
- Að gengið verði skriflega frá því að raforkan frá virkjun Hvalár, Rjúkanda og Eyvindarfjarðará muni tryggja raforkuöryggi Vestfjarða
- Að gengið verði skriflega frá því að raforkan frá virkjun Hvalár, Rjúkanda og Eyvindarfjarðará verði ekki seld í stóriðju annars staðar á Íslandi í ljósi samtakamáttis allra sveitarfélaga á Vestfjarða um stóriðjulausa Vestfirði
- Að útreikningar fari fram og niðurstöður liggi fyrir á mögulegum fasteignagjöldum til Árneshrepps vegna virkjanaframkvæmda
- Að útreikningar fari fram og niðurstöður liggi fyrir hver áhrif fasteignagjaldanna verði á tekjur Árneshrepps úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga
- Að forathugun fari fram og niðurstaða liggi fyrir varðandi það hvort starfsfólk sem kemur til með að vinna við virkjunina hafi lagalega heimild til að flytja lögheimili sitt í starfsmannabúðir í Ófeigsfirði, en lögheimili í Árneshreppi er forsenda þess að starfsfólk greiði útsvar til hreppsins meðan á framkvæmdum stendur
- Að gengið verði skriflega frá samkomulagi um verulega uppbyggingu innviða í Árneshreppi og að hagsmunir sveitarfélagsins verði tryggðir áður en lengra er haldið
- Að allar upplýsingar um uppbyggingu innviða verði gerðar opinberar fyrir íbúum sveitarfélagsins áður en frekari ákvarðanir um breytingu á aðalskipulagi verði teknar fyrir

Hefjist námuvinna, efnistaka og vegagerð í Ófeigsfirði með tilheyrandi jarðraski og eyðileggingu á ósnortnum víðernum án þess að gengið sé frá öllum þessum þáttum, má gera ráð fyrir að til kærumála komi sem geta tafið verkið árum saman og jafnvel komið í veg fyrir að virkjanaframkvæmdir verði að veruleika. Óafturkræf náttúruspjöll í Ófeigsfirði yrðu þá á ábyrgð hreppsnefndar sem væri handvömm af hálfu sveitarfélagsins.

Með vinsemd og virðingu;

Ingibjörg Valgeirsdóttir

Kt. 130673-5979